



## Tillaga til bæjarráðs Mosfellsbæjar

**Efni:** Götulýsingarþjónusta ON - umbeðin umsögn og tillaga

**Dags:** 4. nóvember 2022

**Málsnúmer:** 202210034/-

**Málsmeðferð:** Til umfjöllunar

**Starfsmaður:** Jóhanna Björg Hansen, framkvæmdastjóri umhverfissviðs

---

### Tillaga:

Lagt er til að af hálfu Mosfellsbæjar verði hafnað að þjónustu við Mosfellsbæ um götulýsingu verði framselt til mögulegs nýs kaupanda götulýsingareiningar ON. Jafnframt er lagt til að hönnun, nýframkvæmd og rekstur lýsingarþjónustu verði boðinn út af hálfu Mosfellsbæjar á árinu 2023 og samningssambandi við ON þó óformlegt sé, verði sagt upp.

### Greinargerð:

Bæjarráð fjallaði á 1551. fundi sínum um erindi ON um framsal ON á götulýsingarþjónustu og óskaði eftir umsögn framkvæmdastjóra umhverfissviðs.

Framkvæmdastjóri ON sendi Mosfellsbæ eftirfarandi uppsagnarbréf í september síðastliðnum á götulýsingar þjónustu sem fyrirtækið hefur veitt árum saman og tilkynnti um framsal þjónustunnar.

*Orka náttúrunnar (ON) hefur átt í farsælu samningssambandi við Mosfellsbæ um umsjón með framkvæmd götulýsingar. Nú er hins vegar komið að tímamótum í rekstri ON sem hefur tekið þá ákvörðun að selja götulýsingareiningu félagsins.*

*Götulýsingarþjónusta ON heyrir ekki undir kjarnastarfsemi ON, en Veitur sinntu þessari starfsemi þar til í lok árs 2017, þegar einingin var flutt yfir til ON. Stjórnendur ON telja að rekstrinum sé betur komið fyrir í höndum annarra og hefur verið ákveðið að fara í opið sölufjerli. Auglýsing verður birt mánudaginn 12. september 2022 og er gert er ráð fyrir að sölufjerlinu ljúki í lok nóvember.*

*Þess er góðfúslega óskað að Mosfellsbær upplýsi undirritaða hvort gerðar séu athugasemdir við framsal samnings um götulýsingarþjónustu til mögulegs nýs kaupanda götulýsingareiningar ON. Berist þær ekki fyrir 12. september 2022 verður litið svo á að ON sé stætt á að bjóða nýjum kaupanda að yfirtaka samningsskyldur ON gagnvart Mosfellsbæ.*

Mosfellsbær sendi eftirfarandi mótmælabréf í kjölfarið:

*Vísa til erindis hér að neðan varðandi fyrirhugaða sölu ON á götulýsingareiningu félagsins. Mosfellsbæ var í póstinum gefin 5 daga frestur til að taka afstöðu til málsins. ON má vera ljóst að það algjörlega óásættanlegt að sveitarfélaginu sé gefinn svo stuttur frestur til að taka afstöðu til mála sem ræða þarf m.a. á pólitískum vettvangi. Það skal upplýst að málið er í skoðun hjá sveitarfélaginu og má vænta svara frá Mosfellsbæ innan 4 vikna og áskilur sveitarfélagið sér allan rétt til að hafna framsali á samningi sveitarfélagsins um götulýsingu til annars aðila.*

Við frekari skoðun máls kom í ljós að ekki er til staðar skriflegur samningur milli ON og Mosfellsbæjar um götulýsingarþjónustu. Forsagan er sú að Mosfellsbær keypti rafmagn af Orkuveitu Reykjavíkur og



MOSFELLSBÆR

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSEKNI UMHYGGJA

var götulýsing hluti af þeirri þjónustu. Þegar Orkuveitan framselur þessa þjónustu til ON virðist því ekki hafa verið gerður sérstakur samningur þar um.

Undirrituð leggur til að hönnun, nýframkvæmd og rekstur lýsingarþjónustu verði boðin út af hálfu Mosfellsbæjar á árinu 2023 og samnings sambandi við ON þó óformlegt sé, verði sagt upp.

Virðingarfyllt,

Jóhanna Björg Hansen

Framkvæmdastjóri umhverfissviðs